



Júní 2015.

Ábm. Daníel Arason

Í þessu fréttabréfi er fjallað stuttlega um starfsemi Tónlistarskólans á Egilsstöðum á vorönn 2015.

Fyrsti kennsludagur ársins var 6. janúar, þrettándinn.

Eins og kynnt var í síðasta fréttabréfi höfum við tekið upp það fyrirkomulag að gera kennsluáætlanir. Þar setja nemandi og kennari sér markmið fyrir önnina og í lok annar er svo farið yfir hvernig til tókst. Reynt er að hafa markmið mælanleg þar sem hægt er og raunhæf. Ef markmið nást ekki er reynt að greina af hverju það varð, án þess þó að gera mikið mál úr því, því að kennsluáætlunin á að virka sem hvatning fyrir nemandann.

Hér til hliðar má sjá útfyllta áætlun. Við höfum haft liðina styrkleikar nemanda og veikleikar nemanda með, það er auðvitað oft matsatriði hvað eru styrkleikar og veikleikar en við reynum að benda nemendum á að veikleikar eru ekki endilega eitthvað sem maður er lélegur í heldur frekar eitthvað sem maður þyrfti kannski aðeins að bæta sig í.

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum - Kennsluáætlun.	
Nafn nemanda: _____	Bekkur: _____
Hljóðfæri: _____	
Kennari: _____	
Tímabil áætlunar: _____	
Styrkleikar nemanda (bæði frá kennara og nemanda):	
Veikleikar nemanda (það sem þarf helst að bæta – bæði frá kennara og nemanda):	
Markmið fyrir önnina (getur t.d. verið að læra 3 tónstíga utanbók eða komast á ákveðinn stað í bókinni fyrir lok annar – passa að hafa markmið raunhæf):	
Fyllist út í lok tímabils: Mat á því hvort markmið náðust (bæði metið af kennara og nemanda)	

STARFSEMI VORANNAR

Helgina 23. – 25. janúar var haldið landsmót SÍSL (Samband íslenskra skólalúðrasveita) í Reykjanesbæ og tóku 4 nemendur Tónlistarskólans á Egilsstöðum þátt í því. Gist var í Njarðvíkurskóla en mótið sjálft fór að mestu fram í Hljómahöllinni hinu nýja tónlistarhúsi í Reykjanesbæ og að sögn nemenda og kennara skemmtu allir sér konunglega.

Opin vika var 23. – 27. febrúar.

Foreldrar eru auðvitað alltaf velkomnir í skólann en í opinni viku hvetjum við þá sérstaklega til að koma í tíma með nemendum og kynna sér starfið. Samskipti kennara og foreldra eru afskaplega mikilvæg því að hvatning foreldra heima fyrir er það mikilvægasta sem tónlistarnemendur geta fengið. Nám þeirra fer að miklu leyti fram heima fyrir með æfingum og þar geta foreldrar svo sannarlega haft jákvæð áhrif.



Föstudaginn 13. febrúar og laugardaginn 14. febrúar fékk Tónlistarskólinn á Egilsstöðum til sín góðan gest en það er fiðluleikarinn Hlíf Sigurjónsdóttir. Hún hélt masterklass með nemendum og kennurum á föstudeginum og kenndi þá nemendum í hóp þar sem þeir spiluðu fyrir hvern annan og Hlíf sagði þeim til ásamt því að koma með góð ráð varðandi fiðluleik, en það er ótrúlegt að hve mörgu þarf að hyggja þegar leikið er á fiðlu (eins og önnur hljóðfæri reyndar líka). Það skiptir máli hvernig hljóðfæraleikarinn stendur, hvernig hann heldur á hljóðfærinu og boganum, hvernig hann andar og hvernig hann hreyfir sig þegar leikið er og margt, margt fleira. Á laugardeginum tók Hlíf nemendur í einkatíma og leiðbeindi að lokum nemendum á hljómsveitaræfingu.

Tónlistarskólinn hefur undanfarinn ár tekið virkan þátt í árshátíðarundirbúningi Egilsstaðaskóla á öllum stigum. Bæði með því að kennarar Tónlistarskólans leika undir og einnig hafa nemendur Tónlistarskólans komið að



því. Þá hefur skapast sú skemmtilega hefð að um 20 mínútum fyrir árshátíð, á meðan gestir ganga í hús, taka nemendur Tónlistarskólans á móti þeim með hljóðfæraleik.


Árshátíð yngsta stigs var haldin 12. febrúar og var sett upp leikritið Lína langsokkur. Tryggvi Hermannsson annaðist undirleik og yngri tónlistarnemendur léku fyrir gesti áður en sýning hófst.

Dagana 6. – 10. mars var haldin Sembalhátíð í Vallaneskirkju og er þetta í annað sinn sem slík hátíð er haldin. Það er Suncana Slamnig sem ber hitann og þungann af utanumhaldi hátíðarinnar en að líkindum styður Charles eiginmaður hennar við bakið á henni. Í þetta sinn voru haldnir þrennir tónleikar: Föstudaginn 6. mars voru haldnir tónleikar með barrokk tónlist en sú tónlist er yfirleitt fyrirferðamest á hátíðinni. Barrokk tónlist er tónlist sem samin er á árunum 1700-1800 svona sirka, auðvitað er erfitt að setja einhverjar dagsetningar á slíkt. Á tónleikunum komu fram tónlistarmenn af öllu Austurlandi, nær eingöngu tónlistarmenn sem eru fæddir og uppaldir á Austurlandi og m.a. nokkrir nemendur Tónlistarskólans á Egilsstöðum.

Sunnudaginn 8. mars voru svo haldnir nútímatónleikar og voru m.a. flutt verk eftir Charles Ross, Þórunni Grétu Sigurðardóttur og fleiri.

Hátíðinni lauk svo með nemendatónleikum þriðjudaginn 10. mars þar sem nemendur Tónlistarskólans á Egilsstöðum ásamt einum nemanda Tónlistarskólans í Fellabæ fluttu barrokk tónlist. Nemendur voru á aldrinum 7-20 ára og var gaman að sjá hversu fær þau eru í flutningi þessarar tónlistar, sem ómar nú kannski ekki í hausnum á þeim á hverjum degi. Það er mikilvægt að börn og unglingar fái að kynnast öllum tegundum tónlistar, frá Bach til Bieber.


Í ár var ekki haldin Nótu keppni en tónlistarskólar á Norður- og Austurlandi sameinuðust um að reyna að halda svk. skrautnótu, sem átti að vera sameiginleg tónlistarhátíð án keppnisfyrirkomulags. Búið var að skipuleggja flottan dag fyrir nemendur og aðra gesti, það átti að halda tvenna stórtónleika, búið var að útvega kaffi og kökur fyrir alla gesti tónleikanna og síðan átti að vera með pizzahlaðborð og frítt í sund eftir tónleikana. Því miður setti veðrið strik í reikninginn, og það svo stóran að fresta varð tónleikunum. Ekki reyndist unnt að finna aðra dagsetningu og verður þetta því að bíða betri tíma.



Hinir sameiginlegu tónleikar sem tónlistarskólarnir á Fljótsdalshéraði hafa haldið undanfarin þrjú ár voru á sínum stað og nú í Brúarási 16. apríl. Nemendur frá öllum skólunum fluttu fjölbreytta tónlist og alltaf jafn gaman að sjá hvað hinir skólarnir eru að gera og hitta aðra nemendur og kennara.

Þann 10. maí hélt stúlknakórinn Liljurnar tónleika ásamt piltasönghóp sem hefur verið að æfa í vor undir stjórn Margrétar Láru. Þeir kalla sig Halir Baldurs og vonandi verður framhald á þeirra starfsemi í haust. Einnig komu til okkar fjórir piltar úr Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu og mynduðu hljómsveit sem lék undir hjá kórnum ásamt auðvitað Tryggva undirleikara. Tónleikarnir samanstóðu af popptónlist úr ýmsum áttum, m.a. lög Dawid Bowie, Radiohead og Metallica. Viku fyrr höfðu Liljurnar farið á Höfn og flutt tónleikana með Hornfirðingunum. Skemmst er frá að segja að tónleikarnir voru mjög flottir og mikill metnaður lagður í þá. Gestir voru samtals hátt á fjórða hundraðið. Það er mikil vinna að skipuleggja samstarf milli skóla hvað þá þegar jafn lang er milli þeirra eins og Tónlistarskólans á Egilsstöðum og Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu en alltaf jafn gaman þegar það tekst. Vonandi verður í framtíðinni hægt að auka samstarf milli skólans okkar og annarra skóla á Austurlandi.

Vortónleikar skólans voru haldnir með hefðbundnu sniði í lok maí en þann 6. maí héldum við síðustu tónleikana (í bili) á Hallormsstað. Þar er verið að loka skólanum og næsta vetur mun nemendum þar verða kennt á Egilsstöðum. Það var óneitanlega dálítið sorgleg stund þegar verið var að kveðja skólann á Hallormsstað en við verðum að líta björtum augum fram á veginn og nýta þau tækifæri sem kennslan á Egilsstöðum býður okkur upp á. Jón Guðmundsson fyrrverandi aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans flutti ávarp og fór lauslega yfir sögu tónlistarkennslu á Hallormsstað og sagði nokkrar skemmtilegar sögur af þeim tíma þegar hann var að kenna þar. Skúli Björn Gunnarsson hélt einnig



skemmtilega ræðu og eftir útskrift nemenda úr grunnskólanum buðu Hallormsstaðaskóli og Tónlistarskólinn gestum í kaffi og kökur.

Það er ekki ofsögum sagt að veturinn hafi verið viðburðaríkur og þrátt fyrir verkfall þá telst okkur til að nemendur skólans hafi komið fram á um 45 viðburðum í vetur og það er langt í frá að það náist að fjalla um þá alla í þessu fréttabréfi og einungis stiklað á stóru.

FRAMUNDAN Á HAUSTÖNN.

Næsta haust hefst kennsla 31. ágúst. Þær breytingar verða á kennarahópnum að Hafþór Máni Valsson kemur aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi og bjóðum við hann velkominn og þökkum Ragnari Jóni Grétarssyni fyrir gott samstarf á vorönninni. Öystein Magnús Gjerde hefur sótt um starf hjá okkur og það kemur í ljós í haust hvernig það verður en Öystein er einnig á leið í fæðingarorlof en ekki er enn ljóst hvenær það verður.

STARFSFÓLK

Við skólann hafa í haust starfað sjö kennarar auk skólastjóra. Það eru:

Charles Ross



Charles Ross er fæddur í London árið 1965. Hann stundaði B.A. nám á víólu og tónsmíðum í Dartington College of Arts frá 1983-86. Hann Kláraði M.Phil nám í tónsmíðum og heimstónlist í Plymouth Háskóla árið 2006 og tók „Advanced Certificate“ próf frá A.B.R.S.M á víólu. Charles hefur starfað sem tónlistarmaður á Austurlandi síðan 1986, m.a. verið kennari við Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Tónlistarskólann á Egilsstöðum. Hann er líka búinn að kenna heimstónlist í Listaháskóla Íslands. Árið 2013 var tónverk eftir Charles flutt í Glasgow City Halls og í Hörpu, á “Tectonics” hátíð. Charles er giftur Suncana Slamnig og þau búa á Eiðum.



Berglind Halldórsdóttir er fædd á Ísafirði árið 1982, en ólst upp frá fjögurra ára aldri í Hveragerði. Hún stundaði nám í klarinettuleik hjá Malcolm Holloway í Tónlistarskóla Árnesinga, og í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Kjartani Óskarssyni og Sigurði I. Snorrasyni.

Berglind stundaði nám við Háskólann í Stavanger undir handleiðslu Hákon Vestly, og lauk þaðan bachelorgráðu í einleik á klarínettu vorið 2009, aukagráðu í tónlistarkennslufræðum vorið 2011 og mastersgráðu í einleik á klarínettu vorið 2012.

Berglind hefur spilað með Blásarasveit Reykjavíkur og Nordens Blåsorkester, auk fjölda annarra lúðra- og blásarasveita hérlendis og í Noregi.

Hún var es-klarínettuleikari Blásarasveitar og Sinfóníuhljómsveitar Háskólans í Stavanger, auk þess að deila stöðu sóló-klarínettuleikara sinfóníunnar með öðrum nema við skólann. Hún hefur einnig komið fram með Sinfóníuhljómsveit Stavanger og spilað í hljómsveitum söngleikja og óperuhátíða í Stavanger.

Berglind var sólóklarínettuleikari Sinfóníuhljómsveitar Møre og Romsdal veturinn 2012-2013, þegar hún var kennari við tónlistarskólann í Molde.

Berglind hefur starfað sem tónlistarkennari nær óslitið frá árinu 2002, fyrst hjá Skólahljómsveit Vesturbæjar, Skólahljómsveit Grafarvogs og Tónskóla Eddu Borg í Reykjavík. Í Stavanger kenndi hún hjá Madlamark Skolekorps og Våland Skolekorps, auk þess að taka að sér kennslu námskeiða hjá hinum ýmsu skólahljómsveitum á svæðinu. Síðastliðið skólaár starfaði hún hjá Listaskólanum í Molde í Noregi, þar sem hún kenndi á klarinett og saxófón, stýrnaði byrjendalúðrasveit og kenndi útskriftarbekk tónlistarlínu framhaldsskólans í bænum.

Berglind starfar nú sem blásarakennari við Tónlistarskólann á Egilsstöðum og í Fellabæ.

Daníel Arason



Daníel Arason er fæddur í Neskaupstað árið 1972. Hann stundaði nám í píanóleik hjá Ágústi Ármann Þorlákssyni frá 7 ára aldri og lauk 6. stigi í píanóleik við Tónskóla Norðfjarðar. Daníel lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1995 og MA prófi í mennta- og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst haustið 2009. Daníel hefur starfað sem tónlistarmaður á Austurlandi síðan haustið 1995, m.a. verið kennari við Tónskóla Neskaupstaðar, skólastjóri Tónlistarskóla Djúpavogs og kennari við Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Einnig hefur Daníel verið organisti nær óslitið síðan 1995. Daníel hefur verið virkur þátttakandi í tónlistarlífi á Austurlandi, m.a. tekið þátt í starfi Kórs Fjarðabyggðar, Kammerkórs Egilsstaðakirkju og staðið fyrir ýmsum tónlistarviðburðum s.s. jólatónleikunum Jólafriði sem haldnir hafa verið á Eskifirði

undanfarin 11 ár. Daníel er giftur Aleksöndru Wójtowicz lögreglufulltrúa og eiga þau þrjá syni. Daníel er nú skólastjóri Tónlistarskólans á Egilsstöðum.

Hafþór Máni Valsson (fæðingarorlof vorönn 2015).



Hafþór Máni Valsson er fæddur í Svíþjóð 26. mars árið 1981. Hann hóf að æfa á rafmagnsgítar í tónlistarskólanum á Egilsstöðum árið 1992 hjá Charles Ross. Hann hefur verið virkur í tónlistarlífinu á Austurlandi og verið í fjölmörgum hljómsveitum meðal annars Spindlum sem gerðu garðinn frægan í kringum aldamótin. Árið 2004 hóf hann að kenna á gítar við tónlistarskólana í Fjarðabyggð og á Egilsstöðum. Hann flutti til Reykjavíkur árið 2007 og kláraði meðal annars námskeið í hljóðupptökum frá tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna. Í Reykjavík hélt hann áfram að semja og spila á fjölmörgum tónleikum á öldurhúsum borgarinnar með hljómsveitinni Bad Carburetor. Sú hljómsveit gaf út eitt lag sem seinna var gefið út á safndiski í Bandaríkjunum. Árið 2010 fluttist hann aftur ásamt unnustu sinni Margréti Pálsdóttir, þá óléttu af fyrsta barn, Ivan Myrkva Mánasyni, i aftur heim í hérað og hefur hann síðan kennt við Tónlistarskólann á Egilsstöðum. Núna er hann í nýrri hljómsveit og er einnig með sólóverkefni í gangi auk þess að vera einn af aðstandendum tónlistarhátíðarinnar VEGAreíði.

Margrét Lára Þórarinsdóttir



Margrét Lára Þórarinsdóttir er fædd á Akureyri en ólst upp á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Hún hóf ung tólistarnám bæði í kórstarfi og í þverflautuleik hjá Jóni Guðmundssyni. Margrét lauk stúdentsprófi frá ME árið 1997 og hóf söngnám 1996 við Tónlistarsk. á Eg. hjá Keith Reed. Árin '01-'02 lærði hún hjá Dóru Reyndal við Söngskólann í Rvk. Árin '03-'04 lauk hún 8.stigsprófi hjá Keith Reed við Tónlistarsk. á Eg. Haustið '04 -'06 stundaði Margrét burtfararprófsnám hjá Keith Reed og Margréti Bóasdóttur og lauk náminu með DipABRSM (Burtfararpróf) with Distinction. '05 hóf Margrét einnig söngkennaranám en tók hlé frá því vegna barneigna. Margrét tók þátt í ýmsum óperuuppfærslum með Söngsk. í Rvk. á meðan hún stundaði þar nám.

Margrét sótti söngnámskeið í Académie Internationale D'été De Nice Conservatoire í Frakklandi sumrin '99 og 2000 undir handleiðslu Pr. Lorrain Nubar kennara við The Julliard School í New York. Í Svarfaðadal sótti hún söngnámskeið undir handleiðslu Dóru Reyndal og Dario Vagliengo sumrin '99 og 2000 og óperunámskeið sumarið 2001 undir handleiðslu Margaret Zinger og Mörthu Sharp (kennarar við Mozartteum í Salzburg). Hún sótti masterclass í Complete Vocal Technique frá FÍH veturinn 2005. Margrét stundar nú söngkennaranám frá Söngskólanum í Rvk sem kennt er þar í samstarfi með The Royal Academy of Music in London og stefnir hún á að ljúka því í nóvember 2013.

Margrét starfaði sem tónmennta og tónlistarkennari við Gerðaskóla frá '07-'09.. Margrét hefur kennt tónmennt í Grunnskóla Eg. frá frá áramótunum '10 -'11 og hóf störf hjá Tónlistarsk. á Eg. í ágúst 2011 þar sem hún kennir söng ofl. Haustið 2011 stofnaði hún Unglinakór Egilsstaðakirkju og í haust stofnaði hún Kvennakórinn Héraðsdætur. Margrét býr með Eiríki J. Einarssyni á Egilsstöðum. Saman eiga þau dreng og stúlku.

Sunčana Slamnig



Sunčana Slamnig fæddist í Zagreb í Króatíu. Til Íslands kom hún 19 ára gömul og hóf fljótlega nám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún lauk píanókennaranámi frá þeim skóla árið 1986. Veturinn 1999-2000 stundaði hún framhaldsnám í píanóleik hjá einkakennara í Englandi og tók „Advanced Certificate“ próf frá A.B.R.S.M. Hún stundaði söngnám hjá Keith Reed og fleirum og er með sjöunda stig í söng. Nám í kirkjuorgelleik stundaði hún hjá Torvald Gjerde og tók miðpróf. Á selló lærði hún sem annað hljóðfæri við tónlistarskóla í Zagreb. Árið 2011 lauk hún grunnskólakennaranámi (náttúrufræði) við Háskóla Íslands. Sunčana hóf starfsferilinn sinn á Íslandi við Tónlistarskóla Árnessýslu. Hún kenndi einnig við Tónmenntaskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar en lengst hefur hún starfað á Fljótsdalshéraði við kennslu, skólastjórnun og kórstjórn. Sunčana býr á Eiðum og er gift tónskáldinu Charles Ross. Til samans eiga þau fjögur börn og þrjú barnabörn.

Ragnar Jón Grétarsson



Ragnar Jón Grétarsson er fæddur á Eskifirði árið 1968. Hann hóf ungur að leika á hljóðfæri og hefur spilað á gítar og bassa alla sína tíð ásamt því að syngja. Hann hefur spilað með fjölmörgum hljómsveitum, m.a. var hann bassaleikari í Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar um tíma. Raggi hefur gefið út einn geisladisk sem heitir Einmitt aðallega. Ragnar er í sambúð með Jónu Bjarnadóttur og hann á tvö uppkomin börn.

Tryggvi Hermannsson



Tryggvi Hermannsson er fæddur í Indónesíu árið 1981. Hann stundaði nám í píanóleik hjá Magnúsi Magnússyni frá 7 ára aldri og lauk 6. stigi í píanóleik við Tónlistarskóla Fljótsdalshéraðs. Tryggvi lauk organistaprófi frá Tónlistarskóla Þjóðkirkjunar 2008. Tryggvi hefur starfað sem tónlistarkennari síðan 2005 -2006 en hélt suður til náms árið 2006 -2010. Hann starfaði sem organisti einn vetur í Grundarfirði 2008-2009 og í Fáskrúðsfjarðakirkju 2010-2011. Eftir nám fluttist Tryggvi austur á heimaslóðir og hóf píanó og slagverks

kennslu við tónlistarskólann vorið 2011. Tryggvi hefur verið virkur þátttakandi í tónlistarlífi hér á Austurlandi og sungið í 3 kórum sem eru skólakór tónlistarskólans, Kirkjukór Egilsstaðakirkju svo og Kammerkór Egilsstaðakirkju. Tryggvi annast undirleik á píanó hjá unglíngakór Egilsstaðakirkju og Kvinnakórnum Hérðasdætur. Tryggvi er ógiftur en á 2 börn og eitt á leiðinni. Hann starfar sem tónlistarkennari við Tónlistarskólann á Egilsstöðum.

Zigmas Genutis



Zigmas Genutis er fæddur árið 1952 í Litháen. Hann útskrifaðist úr lista- og tónlistarmenntaskóla árið 1970 og úr listarháskólanum í Vilnius árið 1975 og varð þannig kórstjóri og kennari. Hann vann sem fílharmoníukórstjóri í Kaunas í Litháen þangað til árið 1982 þegar hann fór aftur að stunda nám, nú til Úkraínu og útskrifaðist sem óperu- og sinfóníustjóri árið 1986 og fór síðan að vinna sem stjórnandi tónlistarleikhúss í Kaunas. Zigmas hefur verið stjórnandi í yfir 15 kórum og hljómsveitum gegnum árin, bæði heima í Litháen og í Úkraínu og Rússlandi.

Zigmas flutti til Egilsstaða árið 2005 þegar verið var að leita að píanókennara í tónlistarskólanum, og hefur unnið þar síðan. Hann býr með Ölmú konunni sinni og á líka tvö börn sem eru nú orðin fullorðin.

FYLGIST MEÐ SKÓLASTARFINU

Við hvetjum alla nemendur, foreldra og aðra forráðamenn og aðra sem láta sig starfið varða að fylgjast með því sem við erum að gera. Það er t.d. hægt að gera með því að skoða heimasíðu skólans, Youtube síðuna og Facebook síðuna. Reyndar er heimasíðan ekki góð í augnablikinu en það stendur til að uppfæra hana nú í haust og laga.

Heimasíðan er: <http://tonegilsstodum.fljotsdalsherad.is/is/forsida>

Youtube síðan er: https://www.youtube.com/channel/UClTjJBlpPHtg_DyGvN20x1g

Facebook síðan er: <https://www.facebook.com/pages/T%C3%B3nlistarsk%C3%B3linn-%C3%A1-Egilsst%C3%B6%C3%B0um/340332279406493>

UMSÓKNIR UM SKÓLAVIST

Við minnum á að það er alltaf hægt að sækja um nám í skólanum. Hægt er að sækja um á slóðinni <https://www.schoolarchive.net/school/AdmissionForm.aspx?orgId=3>

Reynt verður að koma sem flestum að. Á heimasíðu sveitarfélagsins <http://fljotsdalsherad.is/> má finna gjaldskrá Tónlistarskólans. Því miður er biðlisti við skólann og eru það aðallega gítarnemendur sem þurfa að bíða en vonandi ekki mjög lengi.

- Athugið að skráning í Tónlistarskólann gildir fyrir allan veturinn. Skólagjöld eru að jafnaði ekki endurgreidd þó nemandi hætti á miðri önn.
- Heimanám er mjög mikilvægt og ætlast er til að nemendur sinni því af samvisskusemi.
- Stefna skólans er sú að nemendur eignist þær bækur sem þeir nota mest í náminu. Reynt er að halda ljósritun í lágmarki.
- Tónfræði er innifalin í skólagjöldum nemenda í 4. bekk og eldri. Nemendur eru hvattir til að nýta sér tónfræðitímana og mæta vel í þá.

HAFÐU SAMBAND

Ef einhverjar spurningar vakna, eða ef foreldrar og/eða nemendur vilja spyrja eða koma einhverju á framfæri þá endilega hafið samband í síma 470-0645 eða 867-2921 eða sendið tölvupóst á tonlistarskoli@egilsstadir.is eða daniel@gilsstadir.is

Með kærri kveðju, skólastjóri og kennarar Tónlistarskólans á Egilsstöðum.

Eftirfarandi atriði er gott fyrir foreldra og forráðamenn tónlistarnema að hafa í huga:

- ✚ Hljóðfæranám er að mestu leyti þjálfun og því að miklu leyti heimanám.
- ✚ Nemandi lærir í skólanum hvernig eigi að fara að hlutunum en þjálfunin fer fram heima með **daglegum** og **reglubundnum** æfingum. Án þess verður árangur afar rýr.
- ✚ Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt en ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni.

- ✚ Mikilvægasti stuðningur foreldra felst í hvatningu, einlægum áhuga á tónlistarnámi nemandans, vingjarnlegum áminningum og eftirliti með æfingum. Þetta er miklu mikilvægara en að foreldrar kunni sjálfir að lesa nótur eða að spila á hljóðfæri.
- ✚ Góð leið til að sýna áhuga á námi nemenda er að sitja stundum með þeim og hlusta á þá æfa sig. Hófleg hrósyrði um lögin og nemandan sjálfan spilla ekki, einkum þegar hrósið er verðskuldað.
- ✚ Miklu betra er að ungir nemendur æfi sig stutt í einu og oft á dag heldur en lengi í einu.
- ✚ Eðlilegt er að áhugi sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf ræddu þá fyrst við hann og reyndu að finna út hvað veldur. Hafðu þó umfram allt samband við kennara og reyndu ásamt honum að finna lausn. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni og áhuginn glæðist á ný.
- ✚ Ekki er hægt að gefa algilda reglu um hvenær börn eru tilbúin til að hefja hljóðfæranám. Það fer nokkuð eftir hljóðfærum en þó mest eftir almennum þroska og tónþroska hvers og eins. Forskólar tónlistarskólanna eru góður undirbúningur. Sum börn eru tilbúin í hljóðfæranám án sérstakrar forþjálfunar.
- ✚ Tónlistarskólum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir hóptímum í tónfræðagreinum. Þetta er óaðskiljanlegur þáttur í tónlistarnáminu. Því er eins nauðsynlegt að barnið mæti í þessa tíma eins og í hljóðfæratímana.
- ✚ Hlustun er mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Með því að hlusta á vel flutta tónlist fá nemendur nauðsynlegar fyrirmyndir. Foreldrar og forráðamenn geta lagt sitt af mörkum með því að hvetja börn og unglinga til að hlusta (þó ekki lengur en þau sjálf vilja) og með því að fara með þeim á tónleika þegar tækifæri gefst, ekki síst innan tónlistarskólans sjálfs.